

Öryggisleiðbeiningar



Söluheiti: BIOCONTROL MAR 71

1. SAMSETNING/AUÐKENNI VÖRU

SÖLUHEITI: BIOCONTROL MAR 71 NÚMER VÖRU: PHSD No.: ÍSLENSK ÞÝÐ.: 13 FEBRÚAR 2003 SÍÐASTA ENDURSKOÐUN: 7 JÚNÍ 1995	Seljandi: OLÍUFÉLAGIÐ EHF. - ESSO Suðurlandsbraut 18 108 Reykjavík Símanúmer: 560 3300 Neyðarnúmer: 560 3333
--	--

2. EFNASAMSETNING/UPPLÝSINGAR UM INNIHALD

Innihaldsefni sem eru í meira magni en 0.1 þyngdar % (og flokkast sem eitruð eða mjög eitruð) eða 1 þyngdar % (og flokkast sem skaðleg, ertandi eða tærandi).

HÆTTULEGT INNIHALDSEFNI STYRKLEIKI

N,N – Metýlene-bis-(5 metýl-oxazolidín) 10 - 30 þyngdar %

Varnaðarmerki: Xn

Hættusetningar:

H22

Hættulegt við inntöku.

H36/37/38

Ertir augu, öndunarfæri og húð.

Arómatísk kolvatnsefni 60 - 100 þyngdar %

Varnaðarmerki: Xn, N

Hættusetningar:

H50/53

Mjög eitruð vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

H65

Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku.

Öryggisleiðbeiningar



Söluheiti: BIOCONTROL MAR 71

3. VARÚÐARUPPLÝSINGAR



Litlaus vökvi.
Ertir augu, öndunarfæri og húð (H36/37/38).
Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku
Mjög eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.



Mengandi efni í sjó.

4. SKYNDIHLJÁL

SNERTING VIÐ HÚÐ:

Berist efnið á húð, skal strax þvo með miklu vatni og sápu. Leitið læknishjálpar ef erting heldur áfram. Löng eða endurtekin snerting við efnið getur valdið húðbólgu. Menguð fót skal þvo áður en þau eru notuð aftur.

SNERTING VIÐ AUGU:

Ef efnið hefur komist í augu, þá skal skola þau með nægu vatni í a.m.k. 15 mínútur. Komið strax undir læknishendur.

INNTAKA:

LÁTIÐ ALDREI MEÐVITUNDARLAUSA MANNESKJU KASTA UPP EÐA DREKKA VÖKVA! Ekki reyna að koma af stað uppköstum. Gefið sjúklingi nóg af vatni og mjólk að drekka til þess að þynna út efnið. Komið strax undir læknishendur.

INNÖNDUN:

Það er ólíklegt að efninu sé andað inn. Kallið strax á lækni ef óþægindi koma fram. Innöndun efnisins inn í lungun getur valdið efnafræðilegri lungnabólgu.

AÐRAR UPPLÝSINGAR:

Ef slys á sér stað eða ef starfsmanni líður illa þá skal kalla á lækni

Öryggisleiðbeiningar



Söluheiti: BIOCONTROL MAR 71

5. BRUNI/AÐFERÐIR VIÐ AÐ SLÖKKVA ELD

Ef til eldsvoða kemur notið froðu, koltvíoxíð eða duft.
Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll ef hægt er.
Haldið ílátum efnisins köldum með því að sprauta á þau vatni.

6. AÐFERÐIR VIÐ EFNALEKA

Klæðist hlífðarbúnaði samkvæmt kafla 8.
Reynið að koma í veg fyrir útbreiðslu lekans með öllum tiltækum ráðum.
Náið efninu upp með viðeigandi þurru ísogsefni og setjið efnablönduna í viðeigandi ílát/gám.
Loftræstið svæðið og skolið sjálft lekasvæðið eftir að búið er að ná efninu upp.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

Notkun efnisins:

Fara skal eftir almennum varúðarreglum um meðferð efna.
Forðist snertingu við húð og augu.
Augnskol á að vera til staðar.

Geymsla efnisins:

Geymið á köldum, þurrum vel loftræstum stað og hafið ílát lokað þegar efnið er ekki í notkun.

8. EFTIRLIT MEÐ MENGUN/PERSÓNULEGUR HLÍFÐARBÚNAÐUR

LEIÐBEININGAR VEGNA MENGUNARÁLAGS:

INNIHALDSEFNI	TÍMI	STYRKUR
N,N – Metýlene-bis-(5 metýl-oxazolidín) Inniheldur dálítið af formaldehýði	8 KLST	1 ppm

Ekki hafa verið sett nein mengunarmörk fyrir kolvatnsefni.

PERSÓNULEGUR HLÍFÐARBÚNAÐUR:

Klæðist viðeigandi hlífðarfötum, augn- og andlitshlíf og hönskum (mælt er með neópren eða nítríl gúmmihönskum).
Notið öndunargrímu ef góð loftræsting er ekki fyrir hendi. Mælt er með öndunarhálfgrímu með síu fyrir lífrænar gufur.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

Öryggisleiðbeiningar



Söluheiti: BIOCONTROL MAR 71

ÚTLIT / LYKT:	Tær litlaus vökvi, sterk ertandi lykt.
EÐLISMASSI, g/ml:	0.93 við 20 ° C Dæmigert.
SUÐUMARK:	> 100.
GUFUÞRÝSTINGUR, kPa:	Ekki ákvarðaður.
GUFUÞRÝSTINGUR VIÐ 1 BAR (Lofn=1):	Ekki ákvarðaður.
UPPGUFUNARHRADÍ (n-butyl acetate=1):	Ekki ákvarðaður.
LEYSANLEIKI Í VATNI:	Leysist að hluta til í vatni.
SÝRUSTIG:	Á ekki við
BLOSSAMARK:	85 ° C
AÐFERÐ:	CC
HÆTTA Á SJÁLFTENDRUN:	Ekki ákvörðuð.
DEILISTUÐULL n-oktanól/vatn:	Ekki ákvarðaður.
EFRA BLOSSAMARK – hærri %:	6.0
NEÐRA BLOSSAMARK – lægri %:	0.6

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

STÖÐUGLEIKI (VIÐ HITA, LJÓS): Forðist hita, gneista og eld. Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

AÐSTÆÐUR SEM SKAL FORÐAST:

Geymið ekki við mjög hátt eða mjög lágt hitastig.

EFNI SEM SKAL VARAST AÐ KOMIST Í SNERTINGU VIÐ EFNIÐ:

Engin þekkt.

HÆTTULEG NIÐURBROTSEFNI:

Við eldsvoða getur myndast formaldehýð.

Öryggisleiðbeiningar



Söluheiti: BIOCONTROL MAR 71

11. EITURFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

LD 50 Ekki ákvarðað.

LC 50 Ekki ákvarðað.

VIÐVÖRUN VEGNA HEILSU:

Ertandi fyrir augu, öndunarfæri og húð.

Löng snerting efnisins við húð getur minnkað húðfitu, valdið ertingu og jafnvel húðbólgu.

HÆTTA Á KRABBAMEINI:

Engar sérstakar rannsóknir hafa verið gerðar til þess að sanna að efnið hafi ekki krabbameinsvaldandi áhrif.

12. HÆTTUR GAGNVART UMHVERFINU

Innihaldsefnin í BIOCONTROL MAR 71 brotna lífrænt niður í náttúrunni.

Arómatísku kolvatnsefnin í vörinni geta safnast upp í lífríkinu og eru eitruð fiskum. Efnið er mjög eitruð fyrir þörungum og lindýrum og er því flokkað sem MENGUNAREFNI Í SJÓ.

13. FÖRGUN

Farga skal þessu efni og ílátum þess eins og um spilliefni sé að ræða og skila efninu til spilliefnamóttöku. Förgun á að vera í samræmi við íslensk lög (spilliefnalöggjöf) og reglur Evrópusambandsins.

Íslenskar reglugerðir:

Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni.

Reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

Öryggisleiðbeiningar



Söluheiti: BIOCONTROL MAR 71

14. FLUTNINGUR

IMO (International Maritime Organisation)

RÉTT FLUTNINGSHEITI: ENVIRONMENTALLY HAZARDOUS SUBSTANCE,
LIQUID, N.O.S. (CONTAINS ALKYL (C3-C8)
BENZENES)

HÆTTUFLOKKUR: **9 MARINE POLLUTANT**

PÖKKUNARFLOKKUR: III

EINKENNISNÚMER: UN 3082

BLAÐSÍÐUNÚMER: 9028

MFAG/EmS:

ADR

UN Nr: 3082

ADR FLOKKUR Nr: 9

ADR Vöru Nr: 11c.

CEFIC TEC(R) Nr: 90G01.

MERKING FYRIR FLUTNING:

MARGBREYTILEG INNIHALDSEFNI (9) OG MENGANDI Í SJÓ

Öryggisleiðbeiningar



Söluheiti: BIOCONTROL MAR 71

15. UPPLÝSINGAR UM LÖG, REGLUGERÐIR EÐA REGLUR SEM VARÐA NOTKUN EFNISINS EÐA VÖRUTEGUNDARINNAR



MERKING SKV. RG. 236/1990:

Hættulegt (appelsínugult með krossi) og skaðlegt fyrir umhverfið.

HÆTTUSETNINGAR:

H65 Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku.

H50/53 Mjög eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

VARNAÐARSETNINGAR:

V26 Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita læknis.

V28 Berist efnið á húð, skal strax þvo með miklu vatni.

V37/39 Notið viðeigandi hlífðarhanska og hlífðargleraugu/andlitsgrímu.

V61 Forðist losun út í umhverfið. Athugið sérstakar ráðleggingar/öryggisleiðbeiningar.

Íslensk lög og reglugerðir sem eiga við:

Reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, ásamt síðari breytingum.

Reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

Reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum nr. 602/1999.

Öryggisleiðbeiningar



Söluheiti: BIOCONTROL MAR 71

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Þessar öryggisleiðbeiningar eru teknar saman í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins nr. 91/155/EEC með síðari breytingum. Samkvæmt okkar bestu vitund uppfylla öryggisleiðbeiningarnar skilyrði og reglur þær sem gilda í Evrópu og Bandaríkjunum. Upplýsingar þær sem hér hafa verið settar fram, byggja á áreiðanlegum rannsóknum, eru í samræmi við nýjustu þekkingu og hafa verið skoðaðar af National Chemical Emergency Centre í Bretlandi.

Nota skal vöruna í samræmi við almennar reglur um efnameðhöndlun í iðnaði. Ef upplýsingarnar í öryggisleiðbeiningunum nægja ekki, þá skalt þú hafa samband við seljanda efnisins áður en þú notar vöruna. Seljandi tekur enga ábyrgð á skaða eða tjóni kaupanda eða þriðja aðila eða hugsanlegu eignatjóni.

Kaupandi vörunnar tekur á sig alla áhættu.

ENDIR